



Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið **2025-2026**

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2025-2026, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli.

Stjórn VFÍ 2025-2026

Helgi Gunnarsson, formaður
Sveinn I. Ólafsson, varaformaður, form.
Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ
Bjarki Ómarsson, formaður Kjaradeildar VFÍ
Gunnar Sigvaldason, meðstjórnandi
Erlendur Örn Fjeldsted, meðstjórnandi
Silvá Kjærnested, varaméðstjórnandi
Birkir Karl Sigurðsson, varaméðstjórnandi

Kjaradeild

Bjarki Ómarsson, formaður
Ásdís Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Eypór Helgi Úlfarsson, meðstjórnandi
Una Guðrún Gautadóttir, meðstjórnandi
Kristjana Ósk Birgisdóttir, varaméðstjórnandi
Ásbjörn Ólafsson, varaméðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn I. Ólafsson, formaður
Stefán Veturlíðason, meðstjórnandi
Bergþór Þormóðsson, meðstjórnandi
Jón M. Guðmundsson, varaméðstjórnandi

Endurskoðendur

Eysteinn Einarsson, skoðunarmaður
Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.
Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
Dagrún Hjartardóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi í móttöku
Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Vilborg Ævarsdóttir, gjaldkeri, fulltrúi
Menntamálanefndar

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI/EE	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2025	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2025	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 20
Atburðir 2025-2026	bls. 24



Ávarp formanns VFÍ

Starfsemi Verkfræðingafélags Íslands á liðnu ári endurspeglar vel þann veruleika sem við búum við: samfélag í örri þróun, auknar kröfur um tæknilega þekkingu og sívaxandi þörf fyrir öfluga hagsmunagæslu fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Árið var viðburðaríkt og á köflum krefjandi, en jafnframt ár mikilvægra áfanga. Þar ber hæst að félagsmenn fóru yfir 6.000. Félagafjöldgunin hefur verið stöðug um langt árabíl og endurspeglar það traust sem félagið nýtur og mikilvægi þess hlutverks sem það gegnir. Félagið stendur á traustum grunni, bæði faglega og fjárhagslega, sem skiptir miklu máli þegar takast þarf á við ný verkefni og breyttar aðstæður.

Kjaramál settu mark sitt á starfsárið. Viðræður voru oft á tíðum erfiðar og reyndu á samninganefndir og starfsfólk félagsins. Sú staða undirstrikar hversu mikilvægt er að Verkfræðingafélag Íslands haldi skýrri og öflugri rödd í kjaramálum. Við höfum ítrekað bent á að laun eigi að endurspeglar menntun, ábyrgð og sérþekkingu – en einnig þá eftirspurn sem er eftir tæknimenntuðu fólki á vinnumarkaði.

Erfiðar viðræður á árinu leiddu jafnframt til ákalls um að efla verkfæri félagsins í kjarabaráttu. Í kjölfarið ákvað stjórn að leggja fram tillögu um stofnun kjaradeilusjóðs og jafnframt að efla starfsemi á sviði kjaramála með ráðningu sviðsstjóra kjaramála. Slíkar ákvarðanir eru teknar af ábyrgð og með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Um leið er mikilvægt að nálgast þetta verkefni af yfirvegum og tryggja að allir félagsmenn finni áfram sinn stað innan félagsins, óháð starfsvettvangi eða stöðu. Helsti styrkur Verkfræðingafélags Íslands felst einmitt í því að ólíkir hópar innan félagsins vinna saman að hagsmunum

stéttarinnar. Sú samstaða er forsenda þess að félagið geti staðið sterkt til framtíðar. Í því samhengi eru niðurstöður nýlegra greininga sérstakt áhyggjuefni. Þær sýna að arðsemi háskólamenntunar á Íslandi er meðal þeirrar lægstu innan OECD og hefur aldrei mælst lægri. Með arðsemi menntunar er átt við samanburð á kostnaði við nám, þar með talið tapaðar tekjur á námstíma, og þeim fjárhagslega ávinningi sem menntunin skilar yfir starfsævina. Þegar arðsemi náms er lítil sendir það skýr skilaboð um að menntun borgi sig tæplega í peningalegu tilliti. Það er þróun sem við verðum að taka alvarlega. Þetta tengist beint framtíð tæknigreina. Ráðamenn hafa tekið undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að fjölga nemendum í STEM-greinum, sem eru undirstaða verðmætasköpunar og lykilorðs þess að skapa svigrúm til launahækkana og uppbyggingar í samfélaginu. Þetta er í takt við það sem Verkfræðingafélagið hefur haldið á lofti um langt árabíl. Hins vegar er ljóst að það nægir ekki að hvetja til náms – samfélagið þarf jafnframt að tryggja að menntunin skili sér í kjörum og starfsumhverfi sem endurspeglar mikilvægi hennar.

Þegar horft er til verkefnanna fram undan verður þetta enn skýrara. Orkuskipti, uppbygging innviða, húsnæðismál, stafrænar umbreytingar og aukin áhersla á nýsköpun kalla öll á trausta fagþekkingu. Verkefnið leysast ekki af sjálfu sér – þau krefjast vandaðs undirbúnings, góðrar hönnunar og ráðgjafar.

Á starfsárinu beindi VFÍ sjónum að stöðu íslenskrar verkfræðiráðgjafar. Það er brýnt að auka skilning á mikilvægi fagþekkingar í hönnun og ráðgjöf, sérstaklega þegar kemur að stórum og flóknum verkefnum. Félagið hélt meðal annars málþing um opinber innkaup á verkfræðipjónustu þar sem lögð var áhersla á að gæði, fagmennska og langtímahugsun þurfi að veita þyngra en lægsta verð. Reynslan sýnir að „allt fyrir sem minnst“ nálgun getur reynst samfélaginu dýrkeypt.

Í þessu samhengi var stórt skref stigið á árinu þegar undirritað var samkomulag um nýjan samráðsvettvang um verkefnastjórnarsýslu og opinberar fjárfestingar. Þar taka þátt Verkfræðingafélag Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Háskólinn í Reykjavík. Markmiðið er að efla samstarf, tengja saman þekkingu og stuðla að þróun bestu starfsvenja við undirbúning og framkvæmd opinberra verkefna. Þetta er mikilvægt framfaraskref og dæmi um

hvernig samvinna getur styrkt faglega nálgun í stórum verkefnum samfélagsins. Faglegt og félagslegt starf félagsins var sem fyrr öflugt. Dagur verkfræðinnar, afhending Teningsins og fjölbreytt námskeið og viðburðir endurspeglar þá breidd sem einkennir starfsemi félagsins. Áhersla hefur einnig verið lögð á fræðslu um nýja tækni, gervigreindina, sem þegar er farin að hafa áhrif á störf verkfræðinga og tæknifræðinga og mun án efa gera enn frekar á næstu árum.

Fjárhagsleg staða félagsins er áfram traust og gerir okkur kleift að þróa starfsemina áfram af ábyrgð og metnaði. Líkt og áður eru félagsgjöld föst fjárhæð en ekki prósentu af launum, sem endurspeglar áherslu félagsins á hófsemi og jafnræði, þar sem allir greiða jafnt.

Samfélagið stendur frammi fyrir stórum verkefnum á komandi árum. Verkfræðingar og tæknifræðingar hafa gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu Íslands og það hlutverk verður ekki síður mikilvægt ef litið er til framtíðar. Það er sameiginlegt verkefni okkar að standa vörð um fagið, efla menntun og tryggja að þekking og ábyrgð fái það vægi sem hún á skilið. Að lokum vil ég þakka starfsfólki félagsins, stjórn, trúnaðarmönnum, saminganefndum og öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem leggja sitt af mörkum til starfseminnar. Starf félagsins byggir á þessari samvinnu, þátttöku og velvilja.

*Helgi Gunnarsson, formaður
Verkfræðingafélags Íslands.*

Menntamálanefnd VFÍ

Skipan MVFÍ starfsárið 2025-2026:

Steindór Guðmundsson, formaður
 Arnlaugur Guðmundsson
 Björn Karlsson
 Ingunn Sæmundsdóttir
 Jenný Ruth Hrafnisdóttir
 Jens Arnljótsson
 Jóhannes Benediktsson
 Ólafur Pétur Pálsson
 Þórður Helgason

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem lítill eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldir tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem

einfalt er að afgreiða safnist síður upp.

Þetta eykur skilvirkni í afgreiðslu umsókna.

Hins vegar er öll nefndin boðuð á fundi á um það bil á tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru fjórir en embættismannafundir voru sex talsins. Þessir fundir eru haldnir í Verkfræðingahúsi.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms og ungfélagaaðild er gjaldfrjáls.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk formlegra umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitin,

bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið meistaranám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Umsagnir VFÍ sem stéttarfélags vegna umsókna um atvinnuleyfi

Undanfarin ár hafa aukist fyrirspurnir til VFÍ vegna umsókna einstaklinga utan EES svæðisins um atvinnuleyfi sem sótt er um hjá Vinnumálastofnun. Þá þarf umsögn frá viðkomandi stéttarfélagi, sem er VFÍ ef umsækjandi er að sækja um starf sem verkfræðingur, tæknifræðingur eða með BS-próf í verkfræði. Menntamálanefnd hefur skoðað þessar umsóknir og metið fyrir hönd VFÍ.



Samskipti við ráðuneyti menningar-, nýsköpunar- og háskólamála

Frá 21. desember 2024 heyrir málefni MVFÍ undir ráðuneyti menningar-, nýsköpunar- og háskólamála, þar sem Logi Már Einarsson er ráðherra. Samskiptin við ráðuneytisfólk voru í góðum farvegi eins og undanfarin ár, en þó var ekki var haldinn formlegur árlegur samráðsfundur, sem oft hefur verið haldinn.

Samskipti við Háskólann í Reykjavík

Menntamálanefnd VFÍ barst erindi frá tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík í desember 2025 um stofnun nýrrar námsbrautar í tæknifræði. Námsbrautin er kölluð HÖNNUNAR-

OG VÖRUTÆKNIFRÆÐI og áætlað er að hefja kennslu haustið 2026.

Forseti tæknifræðideildar HR ásamt samstarfsmanni sínum kom á fund MVFÍ og kynntu þau ítarlega þessa fyrirhuguðu námsbraut. Námið uppfyllir sameiginlegar kröfur VFÍ og atvinnuvegaráðuneytisins um þá sem fá að kalla sig tæknifræðing.

Fram kom að ein helsta fyrirmyndin að þessu námi er mjög vinsæl BS- námsbraut í verkfræði við DTU sem heitir á ensku „Applied Product Engineering and Design“ (180 ECTS). Námsfnið hefur verið aðlagð að tæknifræði með nokkrum breytingum og með lengingu í 210 ECTS, m.a. með stóru lokaverkefni. Erindið var til umræðu á fundi MVFÍ 18. desember og nefndin samþykkti að mæla með því við stjórn VFÍ að félagið lýsi yfir stuðningi við stofnun þessarar nýju námsbrautar í tæknifræði.

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi um verkfræðináms og tæknifræðináms við HR. Slíkur fundur var síðast haldinn í mars 2025, þar sem sérstaklega var fjallað um nám í hugbúnaðarverkfræði við HR.

Samskipti við Verkfræðideild HÍ

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi með Verkfræðideild HÍ um verkfræðinámið en ekki náðist að halda slíkan fund á starfsárinu. Stefnt er að slíkum fundi sem fyrst.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ var haldinn í maí, þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín í verkfræði. Að loknum kynningum veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar. Nefndarmaður í MVFÍ tók þátt í að meta kynningarveggspjöld með lýsingu á verkefnum, ásamt fulltrúa frá HÍ.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Útgáfumál

Útgáfumál

Icelandic Journal of Engineering (Verktækni – tímarit VFÍ) er að öllu leyti rafrænt á vefnum ije.is. Frá árinu 2020 hafa fræðigreinar verið birtar á vef tímaritsins jafnóðum og þær eru tilbúnar til birtingar. Aðgangur er opin (e. Green Open Access). Höfundar greiða ekki fyrir innsendingu á handriti né birtingu greina. Greinar sem óskað er eftir að birtist á yfirstandandi ári þurfa að berast ritstjórnarfulltrúa fyrir lok septembermánaðar. Tímaritið er með vefsvæði annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku

Áfram er stefnt að skráningu Icelandic Journal of Engineering (Verktækni – tímarit VFÍ) í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Auka þarf fjölda greina og tilvitnana og ná meiri alþjóðlegri skírskotun. Tekist hefur að uppfylla öll skilyrði varðandi ramma útgáfunnar en nú hvílir ábyrgðin á háskólasamfélaginu að birta greinar í tímaritinu, þ.e.a.s. ef vilji er til þess að útgáfa í þessum gæðaflokki á sviði verkfræðitengdra greina sé hér á landi.

Samhliða nýjum vef VFÍ var gerður nýr vefur fyrir tímaritið – ije.is

Ritstjórn IJE – Verktækni skipa eftirtalin:
Dr. Bjarni Besson, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

tímarit.is og aðrir gagnagrunnar

Verktækni tímarit Verkfræðingafélags Íslands kom fyrst út í september 2013. Í tímaritinu voru birtar ritrýndar greinar og almennar tækni- og vísindagreinar auk annars efnis. Á árslok 2019 varð sú breyting á útgáfunni að áherslan er fyrst og fremst á útgáfu ritrýndra fræðigreina.

Á ije.is má nálgast allar greinar sem birst hafa frá 2013. Hvað eldri greinar varðar þá er í gildi samningur við tímarit.is um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á tímarit.is er meðal annars

sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is – Nýr vefur tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna

Nýr vefur VFÍ fór í loftið í febrúar 2026. Vefurinn hlaut tvær tilnefningar til íslensku vefverðlaunanna: Efnis- og fréttaveita ársins og Fyrirtækjavefur ársins - lítil fyrirtæki.

Verkefni tengd vefnum halda áfram. Unnið er að því að setja upp launagreiðandavef og „Mínar síður“ verða endurhannaðar. Til skoðunar er að setja upp „rafrænt félagatal“ þar sem skráning verður valkvæð. Þar geta félagsmenn sett inn upplýsingar um meðal annars áhugasvið og fagþekkingu og þannig styrkt tengslanet sitt.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: facebook.com/vfi.1912. Félagið er einnig á Instagram, verkfræðingafélag og LinkedIn.

Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjár fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Í Siðanefnd VFÍ eru:

Kristinn Andersen, Guðmundur Þorbjörnsson og Sunna Björg Reynisdóttir.

Engin mál bárust nefndinni á síðasta starfsári.

Umsagnir í Samráðsgátt og til Alþingis


VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Auk formlegra umsagna til Alþingis og í Samráðsgátt leita ýmsir aðilar eftir álit félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild.

Milli aðalfundar 2025 til 2026 skilaði stjórn VFÍ þremur umsögnum.

Umsögn um breytingar á reglugerð um hávaða nr. 724/2008 sem Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið lagði fram til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. (Dags. 25. júní)

Umsögn um áform ríkisstjórnarinnar um atvinnustefnu Íslands til 2035 nr. S-144/2025. (Dags. 27. ágúst).

Umsögn til fjárlaganefndar um stofnun nýs innviðafélags, mál nr. 535. (Dags. 10. apríl 2026).





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn aftast í ársskýrslunni er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Stefnan er að allir fundir séu í beinu streymi eða fjarfundir á Teams.

Hægt er að nálgast upptökur á vef félagsins undir „Fagumræðan“.

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn 20. mars 2026 á Hilton Reykjavík Nordica. Mæting á staðinn var mjög góð og einnig fylgdust fjölmargir með dagskránni í streymi. Aðsókn á Dag verkfræðinnar hefur frá upphafi verið einstaklega góð. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

Teningurinn

HS Orka hlaut Teninginn fyrir sjöunda orkuverið í Svartsengi. Teningurinn er afhentur á Degi verkfræðinnar ár hvert og er viðurkenning Verkfræðingafélagsins fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd. Markmiðið með Teningnum er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að. Verðlaunagripurinn hefur vakið verðskuldaða athygli. Hönnuðir eru Narfi Þorsteinsson og Adrian Rodriguez. Þeir félagarnir gerðu einnig kynningarmyndband um Teninginn

sem hefur ekki síður vakið athygli en verðlaunagripurinn sjálfur. Hægt er að horfa á myndbandið á vef VFÍ og á Youtube.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar 2025 var haldinn í sjöunda sinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, sunnudaginn 31. ágúst. Sem fyrr var viðburðurinn vel sóttur. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands og að þessu sinni mætti Sprengju-Kata á svæðið.

Rýniferðir

Rýniferðin 2025 var til Japan dagana 28. ágúst til 14. september. Gríðarlegur áhugi var á ferðinni og úr varð stærsta hópferð Íslendinga til Japan til þessa. Þátttakendur voru 270. Rýniferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998 og hafa notið mikilla vinsælda. Næsta ferð verður til Írlands dagana 21. – 30. ágúst 2026. Írska verkfræðingafélagið tekur virkan þátt í skipulagningu ferðarinnar.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði og tæknifræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í náminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra, einnig Hönnunarkeppni HÍ sem er á

vegum Vélarinnar, nemendafélags vélaverkfræðinema.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir.

Félagsskírteini

Til að nálgast rafrænt félagsskírteini VFÍ þarf að skrá sig inn á “Mínar síður” með rafrænum skilríkjum eða auðkennisappi. Skírteinið er undir AFSLÆTTIR og einnig undir UPPLÝSINGAR.

Félagsskírteinið má til dæmis nota til þess að sanna félagsaðild sína og nýta sér ýmis afsláttarkjör sem félagsmönnum er boðið upp á. Allt um afsláttarkjörin má svo sjá inn á orlofsvefnum undir AFSLÁTTUR.

Heiðursmerki VFÍ

Verkfræðingarnir Árni Jónsson, Björn Karlsson og Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir voru sæmd heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands.

Heiðursmerki VFÍ má veita í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf á sviði verkfræði og tæknifræði eða vísinda, fyrir framtak til eflingar verkfræðinga- og tæknifræðingastéttinni í heild eða fyrir félagsstörf í þágu stéttarinnar.



Umbætur í verkefnastjórnsýslu og opinberum fjárfestingum

Í nóvember 2025 var skrifað undir samkomulag um nýjan samráðsvettvang um verkefnastjórnsýslu og opinberar fjárfestingar. Ráðstefna VFÍ um risaverkefni var upptaktur að þessu mikilvæga umbótaverkefni.

Helgi Gunnarsson formaður VFÍ, Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra og Ragnhildur Helgadóttir rektor Háskólans í Reykjavík undirrituðu samkomulagið. Tilgangurinn er að efla samstarf milli fjármálaráðuneytisins, VFÍ og HR á þessu sviði, stuðla að þróun bestu starfsvenja

í stjórnsýslu, tengja saman þekkingu og draga fram bestu aðferðir. Fimm fulltrúar skipa samráðsvettvanginn og eru þeir valdir af fjármála- og efnahagsráðherra, og einn frá HR og einn frá Verkfræðingafélaginu. Svana Helen Björnsdóttir, fyrrv. formaður VFÍ er fulltrúi félagsins. Samkomulagið gildir til ársloka 2027.



Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Um mitt ár 2025 varð sá merki áfangi að félagakerfi VFÍ sýndi í fyrsta sinn félagafjölda yfir 6000 - nákvæmlega 6001. Fjölgun í félaginu er stöðug eða um 5% á ári.

Pegar tímamótunum var náð leit félagahópurinn svona út:

Meistarapróf í verkfræði og þar með

starfsheitið verkfræðingur: 3321

BS-próf í verkfræði: 906

BS-próf í tæknifræði og þar með

starfsheitið tæknifræðingur: 1493

Ungfélagar: 211

Menntun í raunvísindum: 57

Aðrir: 9

Með tveggja ára nám í tæknifræði og aðild

skv. undanþágu: 4

Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum

í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og

Kjaradeild Byggingafræðingafélags Íslands

þjónustu á sviði kjaramála.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla

áherslu á gott samstarf við háskólana.

Slíkt samstarf er afar mikilvægt því eitt af

meginmarkmiðum félagsins er að standa

vörð um starfsheitin og tryggja gæði náms

í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

Í gegnum tíðina hefur VFÍ veitt

viðurkenningar fyrir lokaverkefni

nemenda. Á Meistaradegi

Verkfræðistofnunar HÍ veitti VFÍ

meistaraneinum viðurkenningar fyrir

sérlega vel unnar og áhugaverðar

veggspjaldakynningar.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir

nema eru fastur liður í starfsemi félagsins.

Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um

starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri

til að ræða ýmislegt sem varðar námið og

hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn

er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ

(MVFI) eru í reglulegum samskiptum

við háskólana. Reglulega er farið

yfir reglur sem gilda um starfsheitin

verkfræðingur og tæknifræðingur og störf

Menntamálanefndar VFÍ.

Samstarf við Vísindasmiðju HÍ.

Verkfræðingafélag Íslands og

Vísindasmiðja Háskóla Íslands hafa

undanfarin ár unnið sameiginlega

að því markmiði að efla áhuga ungs

fólks á vísindum, tækni og nýsköpun

og efla jafnframt kennara á því sviði.

Formlegt samstarf Vísindasmiðjunnar

og Verkfræðingafélagsins hófst haustið

2018 og hefur stuðlað að ýmiss konar

átaksverkefnum.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð

fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í árlegum

Fjölskyldudegi verkfræðinnar sem haldinn

er í ágúst ár hvert, en undanfarin ár hefur

fjöldi fólks lagt leið sína í Fjölskyldu- og

húsdýragarðinn og kynnist af eigin

raun tækjum, tólum og tilraunum

Vísindasmiðjunnar.

Á vormánuðum 2026 er unnið að því að

Vísindasmiðjan fái nýtt og stærra húsnæði

í Háskólabíói. VFÍ fylgist með framvindunni

og munu fulltrúar félagsins fá sérstaka

kynningu á verkefninu.

VFÍ hefur um árabíl styrkt FLL Legókeppni

grunnskólanna, verkefni sem eflir og reynir

á margsvíslega hæfni í nýsköpun, forritun,

hönnun og skapandi lausnir.

Endurmenntun- samstarf við EHI og

Hagvang

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá

upphafi verið aðili að Endurmenntun

HÍ (EHÍ) og er því heiðursstarfsaðili.

Endurmenntun HÍ hefur boðið

félagsmönnum valin námskeið á sérstökum

afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur

verið unnið að því að halda námskeið á

vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir

þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef

þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á

sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.

Í gildi er samstarfssamningur við

Hagvang sem hefur séð um námskeið í

launaviðtölum og einnig verið með önnur

námskeið og fyrirlestra hjá VFÍ. Hagvangur

hefur einnig aðstoðað félagsmenn í

atvinnuleit.

ÍSHLJÓÐ

Íslenska hljóðvistarfélagið var stofnað árið

2006 og tilgangur félagsins er að tengja

saman fólk sem vinnur við hljóðhönnun

og hljóðvist á Íslandi. Félagið starfar

sem faghópur innan Verkfræðingafélags

Íslands.

Í nóvember 2025 voru Íslensku

hljóðvistarverðlaunin veitt í annað sinn.

Verðlaunin hlaut leikskólinn Aldan á

Hvolsvelli fyrir framúrskarandi hljóðvist.


Íslensku hljóðvistarverðlaunin eru

samstarfsverkefni Verkfræðingafélags

Íslands (VFÍ) og Íslenska

hljóðvistarfélagsins (ÍSHLJÓÐ).

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2013 - 2026



Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tæknifræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. ANE hefur sett aukinn slagkraft í að hafa áhrif á stefnumótun ESB meðal annars varðandi tæknimenntun, svokallaðar STEM-greinar, og á sviði gervigreindar.

Í ágúst 2025 var skilað inn umsögn vegna samráðs Evrópusambandsins um jafnréttisstefnu 2026–2030. Helstu skilaboð ANE eru að STEM greinar verða að vera í lykilhutverki í umræðu um stöðu og stefnu í jafnréttismálum. Konur eru enn í minnihluta á sviðum STEM og eru einungis um 20% vinnuafli í þessum greinum. Á sama tíma er spáð skorti upp á tvær milljónir vísinda- og verkfræðimenntaðra starfsmanna í Evrópu. Á vef ANE, www.nordicengineers.org og LinkedIn eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

NIL

Nordiska Ingenjörorganisationers Lönemöte (NIL) er samstarfsvettvangur norrænu félaganna á sviði kjaramála. Á árlegum fundi fara fulltrúar félaganna yfir stöðuna og bera saman bækur sínar um það sem efst er á baugi hvað varðar vinnumarkað, kaup og kjör á verkfræðinga og tæknifræðinga á Norðurlöndunum.

Nording

Á vettvangi ANE og NORDING talaði VFÍ fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi. Sú breyting varð að veruleika á haustmánuðum 2025 og heyrir Nording nú sögunni til.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir

félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta. Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd ENGINEERS EUROPE (áður FEANI)

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Frá upphafi var nafn samtakanna skammstafað FEANI en 1. janúar 2023 breyttist nafnið í Engineers Europe. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd Engineers Europe starfar á vegum VFÍ. Undirritaður er formaður Menntamálanefndar VFÍ og jafnframt formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Aðalfundur Engineers Europe eru haldnir tvisvar sinnum á ári. Haustfundurinn er Teams fundur, haldinn í fyrstu viku október en vorfundurinn er haldinn í raunheimum í maí eða júní. Sá fundur er haldinn í einhverju aðildarlandanna sem nú eru 33 talsins. Auk þess eru þrjú lönd til viðbótar með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar).

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir Engineers Europe sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna í Evrópu. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundi Engineers Europe. Vorfundurinn 2025 var haldinn í Zürich og hann sóttu þau Svana Helen Björnsdóttir (þáverandi formaður VFÍ) sem situr í stjórn Engineers Europe og Steindór Guðmundsson (formaður Íslandsnefndar Engineers Europe). Nánari upplýsingar um Engineers Europe má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.engineerseurope.com/>

Steindór Guðmundsson

Aðalfundur Engineers Europe 2025

Í tengslum við aðalfundina eru fundir landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“.

Á fundum NMF er m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða-hópa NMF, sem eru Engineers Europe North, Engineers Europe South og Engineers Europe Central, þar sem Ísland tilheyrir Norðurhópnum.

Einnig er fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan Engineers Europe, sem eru: a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b)

Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe).

Engineers Europe North heldur tvo fundi á ári og er annar þeirra fjarfundur. Fjarfundurinn var haldinn í apríl og tóku þrjú fulltrúar VFÍ þátt í honum. Í september 2025 var síðan fundur Engineers Europe North haldinn í Kaupmannahöfn. Fundinn sóttu um tíu fulltrúar og fulltrúi Íslands var Steindór Guðmundsson formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

F.h. Íslandsnefndar ENGINEERS EUROPE

Steindór Guðmundsson, formaður.



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við

teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins tæpum 152 mkr. en rekstartekjur námu tæpum 395 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 1.001 mkr. en heildarskuldir rúmum 50,9 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 950 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru rúmum 950 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess hinn 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

Reykjavík, apríl 2026.

*Kristinn Gestsson,
löggiltur endurskoðandi.*

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

*Reykjavík, apríl 2026.
Kristjana Kjartansdóttir,
Eysteinn Einarsson.*

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2025

Rekstrarreikningur

	2025	2024
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	202.501	194.712
Félagsgjöld SFB og ST	55.431	53.247
Umsýslugjöld	136.614	123.976
Rekstrartekjur alls	<u>394.546</u>	<u>371.935</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	120.957	111.964
Húsnæðiskostnaður	26.421	22.282
Aðkeypt þjónusta	8.127	5.502
Þjónustusamningar	3.834	3.545
Skrifstofukostnaður	16.181	16.362
Stjórnarlausn-samninganefndir	7.628	5.432
Rekstrargjöld alls	<u>183.148</u>	<u>165.087</u>
Rekstrarafgangur af aðalstarfsemi	211.398	206.848
<i>Önnur útgjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	10.405	10.604
Félagakerfi, vél- og hugbúnaðaur	11.447	7.316
Húsbúnaður	818	500
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	22.201	15.212
Innlent og erlent samstarf	16.527	15.523
Kjarakannanir og námskeið	16.440	5.254
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	28.054	36.310
Önnur verkefni	6.542	29.677
	<u>112.434</u>	<u>120.396</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	98.964	86.452
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	58.758	57.856
Fjármagnstekjuskattur	-4.071	-13.121
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-1.669	-1.100
	<u>53.018</u>	<u>43.635</u>
Tekjur umfram gjöld á árinu	<u>151.982</u>	<u>130.087</u>

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2025

	2025	2024		2025	2024
<i>Eignir</i>					
Fastafjármunir	0	0	<i>Skuldir og eigið fé</i>		
			Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	950.213	798.232
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	768.902	62.593	Skammtímaskuldir	50.915	101.243
Handbært fé:	232.226	836.882			
Samtals eignir	<u>1.001.128</u>	<u>899.475</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>1.001.128</u>	<u>899.475</u>

Ársreikningur Verkfræðingahúss 2025

Verkfræðingahús ses

Sjálfseignarstofnunin Verkfræðingahús var lögð niður í febrúar 2025. Húseignin Engjateigur 9 rann á sama tíma til Verkfræðingafélags Íslands. Unnið er að stofnun Menntasjóðs VFÍ en gert er ráð fyrir að hluti af rekstrarafgangi hússins renni í sjóðinn.

Í byrjun árs 2025 tók ÍSTAK vesturhluta 1. hæðar á leigu og eru nú öll rými í útleigu utan einnar skrifstofu á 2. hæð sem VFÍ mun hugsanlega nýta fyrir starfsemi sína.

Endurbótum á anddyri og stigahúsi fer senn að ljúka en þær hafa gengið afar hægt.

Gert er ráð fyrir umtalsverðum viðhaldsframkvæmdum á árinu 2026

Rekstrarafkoma ársins 2025 var góð, rekstrarafgangur um 19,4 m.kr.

Í sjóði voru um 113,8 m.kr. áramótin 2025-2026.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss 2025

	2025	2024
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	40.439	43.240
Tjónabætur	789	0
Rekstrartekjur alls	41.228	43.240
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	14.287	22.183
Umsýslugjald	2.137	2.494
Annar kostnaður	593	548
	17.017	25.225
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	24.211	18.015
Fyrningar	-9.501	-9.095
Fyrningar alls	-9.501	-9.095
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	14.710	8.920
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	4.691	4.475
Tekjur umfram (gjöld)	19.401	13.395

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2025

	2025	2024		2025	2024
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	596.725	571.289	Óráðstafað eigið fé	686.157	641.319
			Fyrningarsjóður fasteignar	19.818	10.318
Fastafjármunir alls	596.725	571.289	Eigið fé alls	705.975	651.637
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skuldunautar	4.231	73	Skammtímaskuldir	4.564	1.034
Handbært fé	109.583	81.309	Skuldir alls	4.564	1.034
Veltufjármunir alls	113.814	81.382			
Samtals eignir	710.539	652.671	Samtals skuldir og eigið fé	710.539	652.671

Ársskýrsla KVFÍ 2025

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Bjarki Ómarsson, formaður
Ásdís Sigurðardóttir, varaformaður
Una Guðrún Gautadóttir
Eyþór Helgi Úlfarsson

Varamenn í stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Ásbjörn Ólafsson
Kristjana Ósk Birgisdóttir
Tveir starfsmenn eru í fullu starfi sem sérfræðingar á sviði kjaramála, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Dagrún Hjartardóttir.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt níu fundi á starfsárinu. Umræður um kjaraviðræður, gerð stofnanasamninga og meðferð

réttindamála voru fyrirferðarmestar á fundum stjórnar. Starfsmenn upplýstu einnig stjórn um helstu mál sem upp komu á tímabilinu. Má þar nefna vanefndir á ákvæðum í kjarasamningum m.a. er varða styttingu vinnuvikunnar, niðurstöður dóma og afleiðingar þeirra, breytingar á reglum sjúkrasjóðs og sagt frá samráðsfundum samninganefnda og félagsfundum svo dæmi séu tekin.

Ákall félagsmanna um að stofnaður verði kjaradeilusjóður fékk einnig nokkuð rými á fundum stjórnar. Ákveðið var að stofna vinnuhóp til að vinna að tillögum um stofnun kjaradeilusjóðs og þær kynntar stjórn KVFÍ og aðalstjórn.

Niðurstaðan varð sú að aðalstjórn leggur fram tillögu um stofnun kjaradeilusjóðs fyrir aðalfund 2026. Vinnuhópurinn skipuðu Bjarki Ómarsson, formaður KVFÍ, Arnar H. Halldórsson, formaður samninganefndar VFÍ við FRV og Kristjana Ósk Birgisdóttir, formaður samninganefndar VFÍ við Reykjavíkurborg og varamaðstjórnandi í stjórn KVFÍ. Vinnuhópurinn naut liðsinnis lögfræðings félagsins.

Kjarasamningar

Í upphafi árs 2025 voru alls þrjú kjarasamningar enn lausir. Það voru samningar VFÍ við ríki, Reykjavíkurborg og Félag ráðgjafaverkfræðinga og

fór dágóð orka í að ræða öfuga launapróun háskólastétta í landinu því samninganefndir vildu freista þess að snúa henni við. Verkræðingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg felldu samninginn sem undirritaður var í mars 2025 en samningar náðust þó síðar um vorið. Athygli vakti að samninganefndir opinberu viðsejandanna, ríkis, sveitarfélaga og borgar, viðurkenndu og tóku undir áhyggjur samninganfnda VFÍ um öfuga launapróun háskólafélaks en sögðust ekki hafa umboð til að semja með öðrum hætti en þeir gerðu.

Allar samninganefndir VFÍ höfðu þá sögu að segja að ekki væri um eiginlegar samningaviðræður að ræða, viðsejandinn mætti með samning og engum stafkróki mætti hreyfa við vegna samlegðaráhrifa á aðra samninga.

Réttindasamningur VFÍ við Samtök atvinnulífsins (SA) var endurskoðaður en sá samningur er ótímabundinn.

Breytingarnar fólu m.a. í sér hraðari orlofsávinnslu, þjónustu utan bakvakta með fjarlausnum, aukna heimild vegna veikinda barna undir 16 ára aldri og viðbót við kafla um trúnaðarmenn.

Kjarasamningur við Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) var ekki undirritaður fyrr en 22. janúar 2026, nærri tveimur árum eftir að samningurinn varð laus en FRV hafði framselt samningsumboði til Samtaka atvinnulífsins (SA). Illa gekk að ná saman enda himinn og haf á milli væntinga samninganefndar VFÍ og „merki markaðarins“ sem samningstilboð FRV/SA byggði á. Starfsmenn á verkfræðistofum áttu erfitt með að sætta sig við að vera boðin 3,25% launahækkun í 6% verðbólgu eins og staðan var þegar fyrsta samningstilboðið var lagt fram. Þó að verðbólgan hafi tímabundið lækkað náði hún aldrei undir þær hlutfallshækkunir sem í boði voru við kjarasamningsborðið. Það þótti samninganefnd VFÍ við FRV/SA vera bág býtti. Óhætt er að segja að óánægja hafi einkennt viðbrögð félagsmanna vegna samningsins sem var undirritaður og samþykktur með mjög tæpum meirihluta. Samninganefnd VFÍ taldi betra að loka þessari samningalotu og undirbúa næstu vegferð frekar en að halda áfram störukeppni sem engu skilaði.

Fyrirtækjasamningur

Skrifað var undir fyrirtækjasamning VFÍ (og annarra háskólastétta) við Faxaflóahafnir eftir 27 mánaða meðgöngu.

Starfsemin á kjaramálasviði skrifstofunnar

Eins og áður sagðir voru þrír kjarasamningar VFÍ enn lausir í upphafi árs 2025, þ.e. kjarasamningar við Ríki, Reykjavíkurborg og Félag ráðgjafarverkfræðinga. Samninganefndir við ríki og FRV vísuðu deilu sinni til ríkissáttasemjara. Mikill hluti af daglegri vinnu starfsmanna á kjaramálasviði hefur farið í að undirbúa og sitja samningafundi, skipuleggja samráðsfundi með samninganefndum VFÍ, undirbúa og vinna úr stjórnarfundum Kjaradeildar og gerð heildarsamninga.

Félagsmenn sem missa vinnuna leita í ríkari mæli til skrifstofunnar, þar sem þeir fá viðtal og leiðbeiningar um næstu skref.

Gerð stofnanasamninga hefur einnig verið fyrirferðarmikil á árinu og er er oft í samvinnu við önnur háskólafélög. Nýir stofnanasamningar voru gerðir við Land og skóg og Veðurstofuna en margir aðrir eru á teikniborðinu, s.s. við Umhverfis- og orkustofnun, Tryggingastofnun og Skattinn. Þessi samningagerð er tímafrek og samninganefndir hafa ekki alltaf erindi sem erfiði.

Kjaramálasvið hefur, með aðstoð lögfræðings félagsins, aðstoðað félagsmenn sem starfa hjá ríki við að sækja leiðréttingar á yfirvinnu á orlofslaun í kjölfar dómsniðurstöðu. Nú þegar hefur Fjársýslan leiðrétt vangoldin orlofslaun á yfirvinnu nokkurra stofnana.

Starfsmenn VFÍ hafa verið ötulir við að leiðbeina vinnuveitendum, sem bjóða nýjum starfsmönnum upp á úrelta ráðningarsamninga. Eru dæmi þess að fyrirtæki hafi tekið upp alla ráðningarsamninga innan fyrirtækis og leiðrétt til samræmis við leiðbeiningar frá VFÍ. Kjarasvið VFÍ hefur einnig þurft að hafa aukin afskipti af málum þar sem ráðningarsamningum er rift án fullnægjandi ástæðna en brögð eru að því að fyrirtæki reyni að koma sér undan þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nokkur dæmi eru um að hópuppsagnir rati inn á borð VFÍ og einnig veitir skrifstofa VFÍ þjónustu þegar fyrirtæki fara í greiðsluþrot eða hætta starfsemi af öðrum ástæðum. Lögfræðingur félagsins kemur einnig oft að slíkum málum.

Álitamál vegna veikindaréttar, ávinnslu orlofs og uppsagna í fæðingarorlofi, uppsagnar trúnaðarmanna, mistúlkunar á bakvaktasamningum og misræmi í útfærslu á styttingu vinnuvikunnar

og vanefndir af þeim sökum er meðal algengustu mála sem skrifstofa VFÍ fær inn á borð til sín.

VFÍ hefur áhyggjur af því að þróun á markaði virðist vera sú að menntun skipti æ minna máli, meira sé horft til starfsreynslu og minna til menntunar. Margir vinnustaðir sjá sér ekki endilega hag í því að fá hámenntað fólk til starfa og þar hafa sveitarfélögin forgang með starfsmatskerfinu sem nær engan veginn að meta störf sérfræðinga að verðleikum enda glíma sveitarfélög við mönnunarvanda þegar sérfræðistörf eru annars vegar. Ríkið stefnir sömuleiðis í þennan sama farveg með virðismatskerfi sem til stendur að koma á fót.

Trúnaðarmenn

Mikil vakning hefur verið meðal félagsmanna og skilningur aukist á mikilvægi þess að félagsmenn velji sér trúnaðarmann og geti leitað til hans á vinnustöðum. Skrifstofa VFÍ hefur gert gangskör í því að fjölga trúnaðarmönnum og gleðst yfir því hve undirtektir við þeirri umleitun hafa verið góðar.

Námskeið

Námskeið fyrir trúnaðarmenn og samráðsfundur með samninganefndum VFÍ

20. janúar 2026 var haldinn vinnudagur með trúnaðarmönnum og samninganefndum. Fyrir hádegi fjallaði Auður Erla Gunnarsdóttir sálfræðingur hjá Líf og sál fjallaði um EKKÓ mál á vinnustöðum. Mikil ánægja var með námskeiðið, góðar umræður meðal þátttakenda og hafa félagsmenn verið í samskiptum við VFÍ í framhaldi af því. Eftir hádegi var svo haldinn samráðsfundur með samninganefndum. Formenn samninganfnda gerðu upp síðustu samningalotu. Hulda Þórisdóttir, doktor í stjórnmalasálfræði og prófessor við HÍ flutti erindi um hagnýtingu skekkju til góðs og Halldór Kristján Þorsteinsson, lögfræðingur VFÍ, flutti erindi um dómaframkvæmdir. Fundurinn var vel sóttur fundur og mikil almenn þátttaka í umræðum og verkefnum.

Launaviðtalsnámskeið voru haldin reglulega og voru vel sótt. Tilraun var gerð með að halda slíkt námskeið á ensku og þó að aðsókn hefði mátt vera betri féll það vel í kramið hjá þeim sem það sóttu.

Lögfræðipjónusta

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi VFÍ. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna. Það er ómetanlegt fyrir VFÍ að eiga gott samstarf við færustu lögfræðinga landsins á sviði vinnuréttar.

Aðhaldsaðgerðir vegna áherslubreytinga hjá ríkinu/fjársýslunni hafa verið fyrirferðarmiklar. Borið hefur á því að ríkisstofnanir ráði inn nýja starfsmenn á 12 mánaða reyslutíma og víða er settur 12 mánaða reynslutími í ráðningasamning allra nýrra starfsmanna en ekki einungis í undantekningartilfellum þó að í leiðbeiningum frá fjármálaráðuneytinu standi að reynslutími að eigi að jafnaði að vera þrjú mánuðir.

Lögfræðingur félagsins flutti mál fyrir félagsdómi er varðar Launatöflauka í viðauka kjarasamnings VFÍ við ríkið. Ríkið hefur ekki viljað greiða launatöflauka, um 1,24% frá hausti 2025 til félagsmanna VFÍ, þar sem ekki lá fyrir undirritaður samningur um áramót 2024/2025. Mat lögfræðings

var að um mismunun væri að ræða og hafi ekki átt að greiða félagsmönnum VFÍ þennan launaauka hefði legið beinast við að sleppa þeim kafla í kjarasamningi milli aðila þar sem hann gæti þá ekki komið til álita. Fleiri stéttarfélag voru í sömu sporum og unnu lögfræðingar stéttarfélaganna þétt saman við undirbúning fyrirtöku málsins hjá félagsdómi. Félagsdómur sýknaði hins vegar ríkið af þessari kröfu en dómurinn tók ekki undir rök félagsmanna að launatöflaukinn ætti að vera sá sami og hjá BHM félögum, eins og fram kemur í viðauka kjarasamnings um útfærslur launatöflaukans vegna þess að undirritun hafi ekki átt sér stað fyrir fyrrgreind áramót.

Lögfræðingur félagsins hefur þurft að áfrýja máli félagsmanns, sem starfar hjá sveitarfélagi, til Hæstaréttar vegna ólöglegar uppsagnar í veikindum. Lögfræðingur hefur einnig þurft að senda kröfur til sveitarfélags vegna vanefnda á kjarasamningsbundnum réttindum er lúta að framkvæmd styttingu vinnuvikunnar.

Erlent samstarf – NIL 2015

Nordiska Ingenjörorganisationers Lönemöte (NIL) er samstarfsvettvangur norrænu félagsmanna á sviði kjaramála. Ársfundur var að þessu sinni haldinn á Helsingjaeyri, Danmörku dagana 1.- 3. september.

Áherslur fundarins í ár voru tvenns konar. Áskoranir sem löndin standa frammi fyrir vegna tilskipana ESB um lágmarksorlof, styttingu vinnuvikunnar og um lágmarkslaun, annars vegar, og hvernig félögin nálgast launaupplýsingar, launatöflræði og hvaða leiðir þau fara til að deila þannig upplýsingum til félagsmanna, hins vegar.

Þjónustusamningur KBFI og ST við VFÍ

Kjaradeild Byggingafræðingafélags Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga eru með þjónustusamning við VFÍ. Kjaradeildin veitir félagsmönnum félagsmanna ráðgjöf tengda kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir þeirra hönd.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2025

Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2024-2025:

Björg Vigfúsdóttir
Halldór Zoëga
Guðni Guðmundsson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Karitas Sif Halldórsdóttir

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 1007 þar af eru félagar í VFÍ 815 og aðrir 193 og fjölgaði um 1,6% milli ára. Veittir voru 1273 styrkir sem er óbreyttur fjöldi milli ára.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 125,9 mkr og hækkuðu um 12,5% milli ára. Styrkir námu 121,5 mkr. Rekstrargjöld voru um 14,3 mkr. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld námu 11,7 mkr. Tekjur umfram gjöld námu 1,9 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2025 var 298,4 mkr.

Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af iðgjöldum var 94,6% 2025 en var 98,4% árið 2024. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.

Við lok starfsársins 2024-2025 var einskiptisgreiðsla úr Vísindasjóði greidd. Upphæðin er 250 millj kr og bætir stöðu sjóðsins til framtíðar verulega. Unnið er að tryggingafræðilegri úttekt.




Framhald varð á átaki í skimun gegn ristilkrabbameini og áhættumatl hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.

Rekstrarreikningur

	2025	2024
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	125.888	111.915
<i>Rekstrartekjur alls</i>	125.888	111.915
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	121.503	110.187
Umsýslukostnaður	12.589	11.191
Annar kostnaður	1.685	1.417
<i>Rekstrargjöld alls</i>	135.777	122.795
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	-9.889	-10.880
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	11.748	3.345
<i>(Gjöld) umfram tekjur á árinu</i>	1.859	-7.535

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2025

	2025	2024
<i>Eignir</i>		
Skammtímakröfur	11.209	0
Handbært fé	287.142	74.066
	<u>298.351</u>	<u>74.066</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	294.210	42.351
Skammtímaskuldir	4.141	31.715
	<u>298.351</u>	<u>74.066</u>

Sjóðfélagar
Styrktarsjóðs VFÍFjöldi greiddra styrkja úr
styrktarsjóði VFÍLykiltölur
Styrktarsjóðs VFÍ

Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2025

Stjórn Sjúkrasjóðs
starfsárið 2024 til 2025:

Björgvin Áskelsson
Reynir Leví Guðmundsson
Kristín Arna Ingólfssdóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Agni Ásgeirsson

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ. Á síðastliðnu ári voru veittir 6193 styrkir sem er 1,4% fjölgun frá árinu áður. Sjóðfélagar voru 4031 í árslok 2025 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 3016 en aðrir 1015. Sjóðfélögum fjölgaði því um 2,3% á árinu.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2025 námu 616,3 mkr sem er 7,2% hækkun frá 2024. Styrkir námu rúmum 639,4 mkr og hækka um 10,8% milli ára. Rekstrargjöld voru 64,5 mkr. Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum 2025 voru 110,8% en 111,3% árið 2024. Fjáreignatekjur voru jákvæðar um 28,6 mkr 2025 samanborið við 60,8 mkr 2024.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins var gerð á árinu og í kjölfarið var heildartími samfelldra dagpeningagreiðslna stytur úr 9 mánuðum í sjö og endurgreiðsluhlutfall í s.k. persónubundinn pott lækkað úr 75% af iðgjaldi í 50%.

Framhald varð á átaki í skimun gegn ristilkrabbameini og áhættumatl hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.

Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0
2021	4119	21,7
2022	5058	22,8
2023	5614	11,0
2024	6105	8,7
2025	6193	1,4


Rekstrarreikningur

	2025	2024
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	616.324	574.678
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>616.324</u>	<u>574.678</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	688.790	639.431
Umsýslukostnaður	61.632	57.469
Annar kostnaður	2.837	2.103
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>753.259</u>	<u>699.003</u>
(Gjöld) umfram tekjur án fjármagnsliða	-136.935	-124.325
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>	28.557	60.835
<i>(Gjöld) umfram tekjur</i>	<u>-108.378</u>	<u>-63.490</u>


Efnahagsreikningur

	2025	2024
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	55.334	68.175
Verðbréf	541.781	572.348
Handbært fé	168.736	231.272
	<u>765.851</u>	<u>871.795</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	742.692	841.819
Skammtímaskuldir	23.159	29.976
	<u>765.851</u>	<u>871.795</u>


**Sjóðfélagar
Sjúkrasjóðs VFÍ**



**Fjöldi greiddra styrkja úr
Sjúkrasjóði VFÍ**



**Lykiltölur
Sjúkrasjóðs VFÍ**



Skýrsla Vísindasjóðs 2025

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2025-2026 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Hertervig, VFÍ
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h.
Reykjavíkurborgar
Einar Mar Þórðarson, f.h.
fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Þess ber að geta að með kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn en þess í stað er greitt í Starfsþróunarsjóð og fer uppgjóri réttinda sjóðfélaga hjá Reykjavíkurborg að ljúka.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.


Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2025 námu 228,3 mkr og iðgjöld í Starfsþróunarsjóð 10,7 mkr. Heildarupphæð styrkja var 129,9 mkr sem er 53% hækkun frá árinu 2024.


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2025 er eftirfarandi: 343 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 227 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 570 umsóknir sem er talsverð aukning á milli ára.

Alls var greitt fyrir 920 einstaklinga til sjóðsins árið 2025. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 754 og aðrir 166. Sjóðfélögum fjölgaði því nánast ekkert á milli ára.


**Sjóðfélagar
Vísindasjóðs VFÍ**



**Fjöldi greiddra styrkja úr
Vísindasjóði VFÍ**



**Lykiltölur
Vísindasjóðs VFÍ**



Rekstrarreikningur

	2025	2024
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	228.251	202.945
Iðgjöld starfsþróunarsjóðs	10.654	9.259
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>238.905</u>	<u>212.204</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	129.905	84.672
Umsýslukostnaður	23.890	21.221
Annar kostnaður	1.349	1.305
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>155.144</u>	<u>107.198</u>
Tekjur (gjöld) án fjármagnsliða	83.761	105.006
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	48.265	58.765
<i>Tekjur umfram (gjöld)</i>	<u>132.026</u>	<u>163.771</u>

Efnahagsreikningur

	2025	2024
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímaskuldir	116.513	23.108
Handbært fé	809.104	1.020.391
	<u>925.617</u>	<u>1.043.499</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	924.039	1.042.012
Skammtímaskuldir	1.578	1.487
	<u>925.617</u>	<u>1.043.499</u>

Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2025

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2024-2025 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður.
Linda Rós Birgisdóttir.

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á

styrkjum úr sjóðnum. Árið 2026 var því sjöunda árið sem styrkir voru greiddir. Alls voru greiddir út 593 styrkir að upphæð 38,3 mkr.

Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2025 628,4 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2025 voru 3185 þar af 2237 félagi í VFÍ og aðrir 948. Sjóðfélögum fjölgaði um 3,3% milli ára.


Rekstrarreikningur

	2025	2024
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	112.422	105.345
Rekstrartekjur alls	112.422	105.345
Rekstrargjöld		
Styrkir	38.258	25.518
Umsýslukostnaður	5.621	5.267
Annar kostnaður	703	872
Rekstrargjöld alls	44.582	31.657
Tekjur (gjöld) án fjármagnsliða	67.840	73.688
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	30.297	29.129
Tekjur umfram (gjöld)	98.137	102.817


Efnahagsreikningur

	2025	2024
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	17.121	13.026
Handbært fé	611.720	517.728
	628.841	530.754
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	628.377	530.239
Skammtímaskuldir	464	515
	628.841	530.754


Sjóðfélagar Starfsmenntunarsjóðs



Fjöldi greiddra styrkja úr Starfsmenntunarsjóði



Lýkiltölur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2025

Síðustu ár hefur bygging nýrra bústaða í Húsafelli verið aðalverkefni sjóðsins auk nýrrar íbúðar í Sómatúni 1 sem var keypt árið 2025. Eftir miklar endurbætur var íbúðin tekin í notkun í byrjun árs 2026.

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2026 er tuttugasta og níunda sumarið sem úthlutað er til félagsmanna. Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á sjö orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnesi og þrjú í Húsafelli. Þá á sjóðurinn tvær íbúðir í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2025 var auk þess boðið upp á tvær íbúðir á Ísafirði, hús í Vopnafirði og að Staffelli á Austurlandi.

Auk gistingar í orlofshúsum gátu sjóðfélagar keypt ferðaávisun fyrir hótलगistingu, Golfkortið, Veiðikortið, Útilegukortið og Gjafabréf Ícelandair. Það má geta þess að eftirspurn eftir gjafabréfum Ícelandair hefur stóraukist og eru útgjöld sjóðsins umtalsverð vegna þeirra.

Alls var greitt fyrir 4738 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2025. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir voru 3483 en aðrir sjóðfélagar eru 1255. Sjóðfélögum fjölgaði um 2,8% milli ára. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 174,4 mkr og leigutækjur voru 80,9 mkr.


Rekstrarreikningur

	2025	2024
<i>Rekstrartækjur</i>		
lögjöld	174.388	160.526
Leigutækjur	80.915	58.900
<i>Rekstrartækjur alls</i>	<u>255.303</u>	<u>219.426</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	121.988	92.492
Rekstur orlofshúsa	24.553	15.129
Umsýslukostnaður	30.636	26.331
Annar kostnaður	-2.712	3.167
Fyrning sumarhúsa ofl	29.087	6.656
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>203.552</u>	<u>143.775</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	51.751	75.651
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.483	6.539
<i>Tækjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>53.234</u>	<u>82.190</u>


Efnahagsreikningur

	2025	2024
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	455.703	374.281
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímafröfur	37.235	27.031
Handbært fé	43.265	78.165
	<u>536.203</u>	<u>479.477</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	524.352	471.118
Skammtímaskuldir	11.851	8.359
	<u>536.203</u>	<u>479.477</u>

Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Öldungadeild VFÍ

Skýrsla stjórnar Öldungaeildar VFÍ

Aðalfundur ÖVFI var haldinn 21. maí 2025 í aðalstöðvum EFLU hf. að Lynghálasi 4 í Reykjavík.

Í stjórninni eru nú Pétur Stefánsson formaður og meðstjórnendurnir Andrés Svanbjörnsson og Daði S.

Ágústsson, kjörnir til aðalfundar 2027 og meðstjórnendurnir Bergþór Þormóðsson og Magnús Bjarnason kjörnir til aðalfundar 2026.

Að loknum aðalfundi hélt Ólafur Ingi Ágústsson erindi um starfsemi EFLU hf og forvera þess, sem eru nokkur fyrirtæki sem runnið hafa saman í eitt. Nú starfa

um 500 manns hjá fyrirtækinu og er það í eigu starfsmanna. Að erindi loknu sýndi Ólafur aðstöðu starfsmanna og einnig mötuneytið.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir 9 stjórnarfundir auk aðalfundar ÖVFI.

Stjórnarfundir eru haldnir síðasta fimmtudag í hverjum mánuði að jafnaði, nema að sumri.

Félagsfundir á tímabilinu voru fimm:

- 12.11.25 Störf Alþingis, skráðar reglur og óskráðar. Þórumm Sveinbjarnardóttir forseti Alþingis sagði frá störfum þigsins.
- 5.12.25 Jólafundur. Magnús Pétursson fyrrum ráðuneytisstjóri sagði frá störfum landpóstanna frá 1783 til 1930.
- 20.01.26 Sólmýrkvi 12. ágúst 2026. Sævar Helgi Bragason stjarneldisfræðingur hélt erindi um væntanlegan almyrkva á sólu.
- 5.03.26 Siglingar um N-Íshaf. Þór Jakobsson hélt erindi.
- 15.04.26 Áhrif skipupulags byggða á líðan íbúa. Páll Jakob Líndal hélt erindi.

Farin var ein vinnustaðaheimsókn á tímabilinu:

- 20.05.25 Kynnisferð í aðalstöðvar EFLU hf (Aðalfundur ÖVFÍ).

Farin var ein ferð á vegum deildarinnar á árinu:

- 6.06.25 Dagsferð um Hvalfjörð.

Stjórnin undirbýr svipaða stefnu í starfseminni á komandi ári eins og framfylgt hefur verið sl. ár.

*Pétur Stefánsson, formaður ÖVFÍ.
Magnús Bjarnason, ritari ÖVFÍ.*

Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag funda og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð. Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspegli ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt og ÍSHLJÓÐ sem starfar sem faghópur innan VFÍ. Þá er í bígerð að stofna faghóp um gervigreind.

Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ og 0Ω sameinast

Í febrúar 2026 var blásið til veislu þar sem Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ og 0Ω – sameinuðust. Markmiðið er að rækta tengsl, efla faglegt samtal og byggja upp öflugan vettvang í rafmagnsverkfræði á Íslandi.

Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ var stofnuð 7. febrúar 1941. Hlutverk deildarinnar er að efla kynningu og samstarf meðal rafmagnsverkfræðinga,

og síðar rafmagnstæknifræðinga, styðja við fagþekkingu félagsmanna í rafmagnsverkfræði og skyldum greinum. Starf deildarinnar var lengst af mjög öflugt og má þar nefna viðburði á borð við Síldarkvöld, þar sem rafmagnsverkfræðingar komu saman yfir síld og snafs.

0Ω („ekki við nám“) sækir innblástur í VIR, lífflegt og öflugt nemendafélag rafmagns- og tölvuverkfræðinema við Háskóla Íslands, og leggur áherslu á tengslamyndun og lifandi samfélag eftir útskrift.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki hefðbundið stéttarfélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Sveinn I. Ólafsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Stefán Veturliðason og Jón Guðmundsson, varameðstjórnandi.

Í október 2025 stóð deildin fyrir málþinginu: Opinber innkaup á verkfræðiþjónustu sem var mjög vel sótt. Fyrirlesarar voru Margrét Silja Þorkelsdóttir verkfræðingur, forstöðumaður Hönnunardeildar Vegagerðarinnar, Óskar Jósefsson verkfræðingur, forstjóri FSRE. Fundarstjóri var Sandra Rán Ásgrímsdóttir, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga.

Framundan, eða þann 7. maí 2026, er málþing um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.



Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn þann 20. mars 2026 í sal Jaðar Bístró að Jaðri við Akureyri. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf og veittur styrkur til tæknifræðináms við HA. Sunna Guðmundsdóttir var kjörin fundarstjóri. Úr stjórn gengu Björgvin Smári Jónsson, Víðir Bjarkason og Sunna Guðmundsdóttir, eru þeim þökkúð vel unnin störf. Ný framboð bárust frá Heklu Liv Maríasdóttur, Sigurjóni Þórssyni og Hermanni Jóhannessyni.

Ný stjórn frá aðalfundi 2026 er því skipuð. Auður Erna Pétursdóttir, formaður Sigríður Katrín Magnúsdóttir Erla Sara Svavarsdóttir Sigurður Óli Guðmundsson Hekla Liv Maríasdóttir Sigurjón Þórsson Hermann Jóhannesson

Gestur fundarins var Ólafur Jónsson verkefnastjóri tæknifræðináms við HA. Hann tók á móti styrk til tækjakaupa frá NVFÍ og sagði frá stöðu námsins. Að loknum aðalfundarstörfum var árlegt Síldarkvöld félagsins, veislustjóri var Rúnar Eff og snæddur kvöldverður frá Jaðar Bístró. Fundurinn og veislan voru vel sótt og heppnuðust vel.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu og skipulagt viðburði fyrir félagsmenn.

Haustferð

Norðurlandsdeild VFÍ fór í haustferð í október. Farið var í heimsókn í Skógarböðin og skoðaðar nýframkvæmdir við stækkun baðanna og væntanlegt hótél. Í framhaldi var gagnaver atNorth á Akureyri heimsótt.

Samlokufundir og heimsóknir

Samlokufundir voru haldnir á hótél KEA og hjá Drift. Almenn ánægja hefur verið með samlokufundi og ástæða til að vera dugleg að halda þá. Almenn er góð þátttaka á þessum viðburðum eða um 25-30 manns. Einnig höfum við farið í stuttar heimsóknir í fyrirtæki og kynnst starfsemi þeirra.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Þeir viðburðir sem skipulagðir eru hafa verið vel sóttir af félagsfólki og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl verkfræðinga og tæknifræðinga á svæðinu. Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum gott samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku á því starfsári sem framundan er.

Stjórn NVFÍ.

Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2024 urðu ákveðin kaflaskil í störfum nefndarinnar og formaður hennar skilaði öllum gögnum til félagsins. Framtíð Orðanefndarinnar er í höndum félagsins, sérstaklega Rafmagnsverkfræðingadeildarinnar. Hugmyndir voru um að halda íðorðasmíði áfram og finna leiðir til að virkja almenna félagsmenn í því starfi. Hefur meðal annars verið nefnt að spennandi möguleikar séu í notkun gervigreindar.

Staða Orðanefndarinnar er áfram til skoðunar innan stjórnar Rafmagnsverkfræðingadeildar sem nú hefur fengið liðsauka frá 0Ω, sem sagt er frá á bls. 21.

Kvennanefnd VFÍ

Kvennanefnd VFÍ starfað um langt árabil innan Verkfræðingafélags Íslands. Markmið hennar var að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Covid faraldurinn hafði miki áhrif á starfsemi Kvennanefndarinnar og hefur starfið í raun legið niðri síðastliðin ár. www.facebook.com/kvennanefndvfi.

Væri ánægjulegt ef öflugar konur innan félagsins tækju upp þráðinn.

Viðurkenningar til nemenda

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ

Verkfræðingafélag Íslands veitti þremur meistaranemum viðurkenningu fyrir fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar á Meistaradegi Verkfræðistofnunar sem fór fram í

Grósku 4. júní 2025. Helgi Gunnarsson formaður VFÍ flutti ávarp og afhenti viðurkenningar.

Viðurkenningu hlutu þau Áslaug Þóra Halldórsdóttir, meistaranemi í rafmagns- og tölvuverkfræði. Lokaverkefni hennar var Þróun tækja sem auðvelda niðurstetningu bauja og ferilvöktun bauja í notkun.1

Margrét Snorradóttir, meistaranemi í reikniverkfræði, hlaut viðurkenningu fyrir verkefnið Sköpunargáfa og ADHD: Rannsókn á hlutverkum ofureinbeitingar og margbreytilegrar hugsunar og Thanh Ha Hoang, meistaranemi í byggingaverkfræði, hlaut verðlaun fyrir verkefnið Seismic Performance of Mid-rise Concrete Residential Buildings in Reykjavík.



Viðburðir 2025-2026

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2025-2026. Meginreglan er sú að allir almennir fundir eru í streymi. Upptökur eru undir „Fagumræðan“ á vef VFÍ. Auk þess sem hér er talið upp eru margs konar smærri fundir haldnir á vegum félagsins.

29. apríl 2025

Fræðslufundur BSTR og VFÍ

Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar. Hermilíkon við ofanflóðavarnir.

12. maí 2025

AVFÍ: ChatGPT frá A-Ö

13. maí 2025

Námskeið í launaviðtölum

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

15. maí 2025

Samlokufundur: Kynning á Advanced MPM náminu

Fyrirlesarar: Dr. Helgi Þór Ingason og Dr. Haukur Ingi Jónasson.

20. og 21. maí 2025

NVFÍ: ChatGPT frá A-Ö

20. maí 2025

Rýniferðin – kynningarfundur

21. maí 2025

Aðalfundur ÍSHLJÓÐS

21. maí 2025

Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ

Í höfuðstöðvum Eflu verkfræðistofu.

26. og 27. maí 2025

ChatGPT frá A-Ö

27. og 28. maí 2025

ChatGPT frá A-Ö

2. og 3. júní 2025 (f.h.)

ChatGPT frá A-Ö

2. og 3. júní 2025 (e.h.)

ChatGPT frá A-Ö

20. júní 2025

Kynningarfundur fyrir starfsfólk verkfræðistofa

Staða kjaraviðræðna.

28. ágúst – 14. september 2025

Rýniferðin til Japan

31. ágúst 2025

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

4. september 2025

Söguferð ÖVFÍ um Hvalfjörðinn

16. september 2025

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

18. september 2025

Samlokufundur: Lærdómur af risaverkefnum í Bretlandi

Fyrirlesari: Gregory Taylor, Verkís.

23. september 2025

Námskeið í launaviðtölum

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

30. september – 3. október 2025.

SNOW 2025

6. og 7. október 2025

ChatGPT frá A-Ö

11. október 2025

Haustferð Norðurlandsdeildar VFÍ

15. og 16. október 2025

ChatGPT frá A-Ö

21. og 22. október 2025

ChatGPT frá A-Ö

21. október 2025

Salary Negotiation Workshop

Leiðbeinandi: Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

23. október 2025

Málþing: Opinber innkaup á verkfræðiþjónustu

Á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

Fyrirlesarar: Margrét Silja Þorkelsdóttir, verkfræðingur, forstöðumaður Hönnunardeildar Vegagerðarinnar og Óskar Jósefsson, verkfræðingur, forstjóri FSRE. Fundarstjóri: Sandra Rán Ásgrímsdóttir, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga.

23. október 2025

Heimsókn doktorsnema HÍ

24. október 2025

Samlokufundur: Algilt sjálfbærnimat
Fyrirlesari: Dr. Michael Zwicky Hauschild,
prófessor við DTU.

24. október 2025

Haustferð Austurlandsdeildar VFÍ

31. október 2025

Vísindaferð Vélín

6. nóvember 2025

Haustfundur Rafstaðlaráðs í samvinnu við VFÍ

Gervigreind og staðlar. Jarðtengingar og eldvarnir.

12. nóvember 2025

Fundur Öldungadeildar VFÍ

Fyrirlesari: Þórunn Sveinbjörnsdóttir,
forseti Alþingis.

12. og 13. nóvember 2025

ChatGPT frá A-Ö

12. nóvember 2025

Afhending Íslensku

Hjóðvistarverðlaunanna í samstarfi við ÍSHLJÓÐ

18. nóvember 2025

Chatgpt framhaldsnámskeið

19. nóvember 2025

Haustfundur FUT í samstarfi við VFÍ

Cyber Resilient Act Iceland.

25. nóvember 2025

Félagsfundur vegna viðræðna við FRV

25. nóvember 2025

Námskeið í launaviðtölum

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir,
ráðgjafi hjá Hagvangi.

27. nóvember 2025

Haustundur BSTR í samstarfi við VFÍ.

Sundabraut og Vaðölduver.

5. desember 2025

Jólafundur Öldungadeildar VFÍ.

Í fótspor norðanpóstanna. Fyrirlesari:
Magnús Pétursson, fyrrverandi
ráðuneytisstjóri.

15. desember 2025

Samlokufundur NVFÍ

Nýbygging SAK. Fyrirlesari: Gunnar Líndal
verkefnastjóri hjá SAK.

20. janúar 2026

Trúnaðarmannanámskeið EKKO

20. janúar 2026

Samráðsfundur samninganefnda

20. janúar 2026

Fundur Öldungadeildar VFÍ.

Himingeimurinn og almyrkvinn Fyrirlesari:
Sævar Helgi Bragason.

26. janúar 2026

Kynningarfundur vegna kjaraviðræðna við FRV

3. og 4. febrúar 2026

ChatGPT frá A-Ö

13. febrúar 2026

Sild og Sushi – Sameining RVFÍ og OΩ

24. febrúar 2026

Námskeið í launaviðtölum

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir,
ráðgjafi hjá Hagvangi.

6. mars 2026

Vísindaferð Pragma

20. mars 2026

Dagur verkfræðinnar – Teningurinn afhentur.

24. mars 2026

Námskeið í launaviðtölum – á Teams

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir,
leiðbeinandi hjá Hagvangi.

15. apríl 2026

Fundur Öldungadeildar VFÍ

Áhrif skipulags byggða á líðan íbúa. Fyrirlesari: Páll Jakob Líndal
umhverfissálfræðingur.

21. apríl 2026

Námskeið í launaviðtölum

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir,
leiðbeinandi hjá Hagvangi.

28. apríl 2026

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands



Verkfræðingafélag Íslands